

SAMPYKKT
fyrir Veiðifélag Landmannafréttar.

1. gr.

Nafn félagsins er Veiðifélag Landmannafréttar, kt. 630580-0999.

2. gr.

Heimili þess og varnarþing er þar sem formaður þess er búsettur hverju sinni.

3. gr.

Félagssvæðið tekur yfir öll vötn á Landmannafrétti og aðrennsli þeirra svo og frárennsli þeirra að Tungnaá, að undanskildu Þórisvatni og Kirkjufellsvatni. Félagsmenn eru skráðir eigendur/ábúendur jarða sem eiga upprekstrarrétt á Landmannafrétt. Um er að ræða eftirtaldar jarðir og jarðarhluta í Rangárþingi ytra.

Úr gamla Holtahreppi: Árbæjarhellir, Árbær, Árbæjarhjáleiga, Heiðarbrún, Lyngás, Litla-Tunga I, Litla-Tunga II, Efri-Rauðalækur, Brekkur I, Brekkur II, Syðri-Rauðalækur, Arnkötlustaðir, Meiri-Tunga I, Meiri-Tunga II, Meiri-Tunga III, Meiri-Tunga IV, Þjóðólfshagi I, Þjóðólfshagi II, Foss-hólar, Lýtingsstaðir, Hvammur, Nefsholt I, Nefsholt II, Gata, Marteinstunga, Hallstún, Bjálmholt, Ölversholt, Ölversholtshjáleiga, Pula, Kaldakinn, Mykjunes, Skammbeinsstaðir I, Skammbeinsstaðir II, Skammbeinsstaðir III, Skammbeinsstaðir IV, Þverlækur, Lækur I, Lækur II, Akbraut, Stúfholt I, Stúfholt II, Stúfholtshjáleiga, Saurbær, Kaldárholt, Ketilsstaðir, Hagi, Guttormshagi, Kvíarholt, Hreiður, Raftholt, Gíslholt og Kambur.

Úr gamla Landmannahreppi: Austvaðsholt I, Austvaðsholt II, Árbakki, Bjalli, Efra-Sel, Fells-múli, Flagbjarnarholt efra, Flagbjarnarholt neðra, Galtalækur, Hellar, Heysholt, Hjallanes I, Hjallanes II, Holtsmúli I, Holtsmúli II, Hrólfssstaðahellir, Tjörvastaðir, Húsagarður, Hvammur I með ½ Árbæ, Hvammur III með ½ Árbæ, Króktún, Leirubakki I, Lunanholt I, Lunanholt II, Lækjarbotnar, Merkihvoll, Minni-Vellir, Múli, Litli-Klofi, Neðra-Sel, Réttarnes, Skarð með Skarðseli, Skarfanes, Snjallsteinshöfði, Stóri-Klofi, Borg, Eskiholt, Mörk, Ósgröf, Skarðstorfa, Stóru-Vellir, Yrjar, Vatnagarður, Vindás og Þúfa.

Úr gamla Rangárvallalahreppi: Næfurholt og Hólar.

4. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og stuðla að eðlilegri nýtingu fiskstofna. Félagið tekur til allrar fiskveiði á félagssvæðinu og ráðstafar henni í samræmi við samþykkt félagsfundar.

Félaginu ber að vernda vistkerfi vatnafiska á félagssvæðinu og koma í veg fyrir að verklegar framkvæmdir eða önnur starfsemi skaði lífríki þess. Félaginu er heimilt að stunda fiskrækt í samræmi við gilda fiskræktaráætlun á hverjum tíma.

Félagið hefur með höndum alla útleigu vatna á félagssvæðinu og ræður starfsmenn til að sinna veiðivörslu. Félagið hefur jafnframt með höndum rekstur fasteigna félagsins í Veiðivötnum og Landmannahelli.

Félagið skal tryggja að félagsmenn hafi aðgang að vötnum á félagssvæðinu og megi stunda þar veiði samkvæmt þeim reglum er stjórn veiðifélagsins setur.

5. gr.

Stjórn félagsins skipa fimm menn, formaður og meðstjórnendur. Stjórnarmenn ganga úr stjórninni á víxl. Einn stjórnarmaður gengur út eftir eitt ár, tveir stjórnarmenn ganga út eftir tvö ár og tveir stjórnarmenn ganga út eftir þrjú ár. Kjósa skal þrjá varamenn til eins árs í senn.

Skoðunarmenn reikninga skulu vera tveir og kosnir til tveggja ára. Sami háttur skal hafður um kosningu varaskoðunarmanna.

Stjórnarmenn skulu eiga aðild að félaginu eða starfa í umboði þeirra sem getið er í 3. gr. Stjórnin skiptir með sér verkum. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan kosningu, nema sérstök forföll hamli, eða ef hann hefur setið í stjórn síðastliðin þrjú ár.

6. gr.

Stjórnin hefur á hendi öll verkefni félagsins milli aðalfunda. Aðalfundur ákveður þóknun fyrir störf stjórnar. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með skriflegu leyfi félagsstjórnar eða aðila sem veitir slík leyfi í umboði hennar.

7. gr.

Stjórnarmenn skulu víkja sæti við meðferð þeirra mála félagsins sem snerta hagsmuni þeirra eða venslamanna þeirra sérstaklega umfram aðra félagsmenn. Þeir skulu haga störfum sínum þannig að jafnræðis sé gætt meðal félagsmanna. Stjórn félagsins skal gæta andmælaréttar félagsmanns áður en mál sem snertir hagsmuni tiltekins félagsmanns umfram aðra félagsmenn er tekið til afgreiðslu á stjórnarfundi. Stjórn félagsins skal ætíð gæta þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun í því er tekin.

8. gr.

Fundi í féluginu skal boða skriflega með dagskrá eigi síðar en 10 dögum fyrir fundardag. Skylt er að boða fundi í féluginu með ábyrgðarbréfi ef breyta á samþykktum félagsins eða ráðstafa veiði á félagsfundi. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum. Þó verður breyting á samþykkt eða arðskrá að hljóta samþykki 2/3 atkvæðisbærra félagsmanna. Nú verður breyting á samþykkt eða arðskrá ekki afgreidd vegna ófullnægjandi fundarsóknar og skal þá boða til annars fundar. A þeim fundi ræður afl atkvæða.

Nú er ráðgert að breyta samþykkt, arðskrá eða ráðstafa veiði og skal þess getið í fundarboði.

Á félagsfundi skal leggja fram skrá yfir atkvæðisbæra félagsmenn. Umboð sem lögð eru fram á fundi skulu skráð í fundargerðabók.

9. gr.

Aðalfund skal halda að jafnaði í apríl en eigi síðar en 1. júní ár hvert. Á aðalfundi skyrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári ásamt fjárhagsáætlun félagsins fyrir komandi starfsár. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og ályktar fundurinn um þá. Aukafundi skal halda eftir þörfum eða ef $\frac{1}{4}$ félagsmanna æskir þess og tilgreinir fundarefnið.

10. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá og fundargerðir.

11. gr.

Arði af sameiginlegri veiði og annarri starfsemi félagsins skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiða gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

12. gr.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt 39. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að mál. Jafnframt falla úr gildi eldri samþykktir veiðifélagsins.

Fiskistofu, 10. mars 2021.

Guðni Magnús Eiríksson,
sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs.